


Verkefni úr kafla 2



MANNFRÆÐI
Fyrir byrjendur



45 mín



Tölva,
netaðgangur

Facebook (fésskinnu) verkefni

Í þessu verkefni fá nemendur að skoða menningarsamfélag í mótun. Fésskinna er tiltölulega nýtt fyrirbæri (stofnað 2004) en hefur náð ótrúlegum vinsældum á skömmum tíma (600 milljónir virkra notenda í ársbyrjun 2011). Vefurinn er samskiptavefur og þar hefur myndast nýtt samfélagsform. Nemendur eiga að kynna sér eitt tilvik/ einn prófíl og reyna að sjá hvurslags samfélag þetta er, hvort þeir geti greint einhverjar reglur og hvernig þetta fyrirbæri er frábrugðið samskiptum í kjötheimi.

Verkefni úr kafla 2



Facebook verkefni

Í þessu verkefni fá nemendur að skoða menningarsamfélag í mótun. Fésskinna er tiltölulega nýtt fyrirbæri (stofnað 2004) en hefur náð ótrúlegum vinsældum á skömmum tíma (600 milljónir virkra notenda í ársbyrjun 2011). Vefurinn er samskiptavefur og þar hefur myndast nýtt samfélagsform. Nemendur eiga að kynna sér eitt tilvik/ einn prófíl og reyna að sjá hvurslags samfélag þetta er, hvort þeir geti greint einhverjar reglur og hvernig þetta fyrirbæri er frábrugðið samskiptum í kjötheimi. Gætið þess að vera eins hlutlaus og þið getið. Vinnið eftirfarandi verkefni og skilið svörum til kennara á innra netinu.

Byrjið á að velja prófíl af facebook til greiningar og hafið eftirfarandi í huga við valið:

- Ekki velja prófíl manneskju sem þið þekkið of vel (helst ekki neitt). Best að skipta á prófíl við sessunaut þinn eða hreinlega finna einhvern sem er með opinn prófíl.
- Athugið að það komi fram sem mest af upplýsingum á síðunni – það er skemmtilegra.
- Ekki nafngreina manneskjuna í greiningunni – þið megið búa til gervinafn.

1. Greinið prófílinn. Hafið eftirfarandi í huga:

- a. Hvaða kyn er viðkomandi og á hvaða aldri?
- b. Hvaða upplýsingar koma fram um hjúskap, trúarskoðanir, pólitík, vinnu og annað? Hvað segja þessar upplýsingar, eða skortur á þeim, okkur um viðkomandi?
- c. Hvernig er prófílmyndin af henni/honum? Segir hún okkur eitthvað um hann/hana? Eru margar aðrar myndir sem hann/hún hefur af sér á síðunni? Hvað er í gangi á myndunum? Hvað segja þær okkur um viðkomandi?
- d. Líttu á þá sem eiga í einhverskonar samskiptum við viðkomandi á síðunni. Hvernig er þessum samskiptum háttað? Hvaða upplýsingar koma fram? Hvernig tengjast þessir einstaklingar eiganda prófílsins? Hvernig er samskiptunum háttað? Eru þau formleg eða óformleg? Á viðkomandi marga netvini? Hvað segir það okkur um viðkomandi? Hverjir eiga að sjá þennan prófíl? Hvaða hlutverki hefur hann að gegna fyrir eigandann?

Verkefni úr kafla 2



- e. Koma fram einhver „applications“ (t.d. farmville, compare hotness osfrv) á síðunni? Hvaða? Hvað segja þau okkur um viðkomandi prófíleiganda? Ef það eru engin „application“ segir það okkur þá eitthvað um eigandann?

2. Mat á netsamfélagi. Hafið eftirfarandi í huga:

- a. Hvaða óskráðar reglur sjáið þið í þessu samfélagi? Komið með dæmi um hvað má gera, hvað á að gera og hvað er ekki talið góð hegðun? (Hér er gott að hafa í huga hvað þið mynduð gera vs. það sem fólkið sem á prófílinn er að gera.)
- b. Á hvaða máta eru samskipti í gegnum facebook frábrugðin því sem gerist í daglegu lífi utan netsins? Hvað má þar sem er ekki leyfilegt úti raunheimum og öfugt?
- c. Hefur facebook breytt almennri hegðun okkar utan netsamfélagsins? Er eitthvað sem fólk fer á mis við í raunheimi ef það er ekki hluti af facebook-samfélaginu?

3. Mat á verkefni. Hafið eftirfarandi í huga:

- a. Fékk þessi æfing þig til að hugsa um þetta netsamfélag á nýjan máta?
- b. Sérðu einhvern tilgang með þessari æfingu? Rökstuddu.

Gangi ykkur vel og góða skemmtun!

Þórður

thordurk@kvenno.is